

Samtök íslenskra eimingarhúsa
Kt 4303210560

Alþingi - Nefndasvið

Reykjavík 06. Desember 2023

Umsögn Samtaka Íslenskra eimingarhúsa um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Stjórn samtaka íslenskra eimingarhúsa tók fyrir ofangreint frumvarp á fundi sínum í desember. Þá sérstaklega V. KAFLI Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.

Stjórn er ánægð með að stefnt sé að því að lækka áfengisgjöld á smáframleiðendur í samræmi við önnur lönd í evrópu þar sem flest smærri eimingarhús fá slíkan afslátt í dag.

En við viljum við benda á að eins og breytingin er skrifuð núna á þessi breyting einungis við framleiðendur á bjór. Á Íslandi starfa 26 sterkvinsframleiðendur, nokkur hluti þeirra hefur söluleyfi á framleiðslustað í samræmi um lög um sölu smærri framleiðenda á framleiðslustað. Einnig starfa nokkrir smærri framleiðendur að framleiðslu á mjöð, berjavíni og öðrum vörum úr héraði.

Við teljum eðlilegt jafnréttismál að allir smáframleiðendur áfengis sitji við sama borð óháð framleiðslu vöru þegar kemur að afslætti á áfengisgjöldum.

Stjórn samtaka íslenskra eimingar styður framtakið að að öðru leit.

Fyrir hönd stjórnar

Eva María Sig
Eimverk distillery
Formaður Stjórnar.